

Háskólafélag Suðurlands ehf.
Ársreikningur 2024

Háskólafélag Suðurlands ehf.
Bankavegi
800 Selfoss

Kt. 650108-0350

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9
Sundurliðanir	13

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Tilgangur félagsins er að auka búsetugæði með því að mynda þekkingarnet á Suðurlandi þar sem áhersla er lögð á menntun, rannsóknir og nýsköpun í virku samstarfi fyrirtækja, stofnana og háskóla.

Rekstur ársins 2024 og framtíðarhorfur

Rekstrartekjur félagsins námu 102,2 millj. kr. á árinu 2024 og lækkuðu um 20,0 millj. kr. milli ára eða um 16%. Hagnaður félagsins á árinu 2024 nam 3,6 millj. kr. (2023: 22,0 millj. kr.)

Eigið fé félagsins í árslok nam 72,5 millj. kr. (2023: 69,0 millj. kr.) að meðtöldu hlutafé félagsins að fjárhæð 75,9 millj. kr. Óheimilt er að úthluta arði til hluthafa en vísað að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Meðafjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf (ársverk) var 4,2 (2023: 3,6).

Hluthafar í árslok voru 15 líkt og í ársbyrjun en þeir voru:

	Eignarhluti
Sveitarfélagið Árborg	33,8%
Sveitarfélagið Ölfus	9,8%
Hveragerðisbær	9,1%
Sveitarfélagið Hornafjörður	8,3%
Rangárþing eystra	7,8%
Rangárþing ytra	7,8%
Bláskógabyggð	4,7%
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	3,5%
Hrunamannahreppur	3,2%
Mýrdalshreppur	3,0%
Grímsnes- og Grafningshreppur	2,8%
Skaftárhreppur	2,6%
Flóahreppur	1,8%
Ásahreppur	1,6%
Samtök sunnlandsra sveitarfélaga	0,2%

Stjórn og framkvæmdastjóri Háskólafélags Suðurlands ehf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2024 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Selfossi, 28. apríl 2025

Stjórn:

Helga Þorbergsdóttir
Hugrún Harpa Reynisdóttir
Sigurður H. Markússon
Soffía Sveinsdóttir
Sveinn Aðalsteinsson
Sæunn Stefánsdóttir

Framkvæmdastjóri:

Ingunn Jónsdóttir

Ársreikningur þessi var samþykktur á stjórnarfund 28. apríl 2025 og undirritaður með rafrænum hætti í framhaldi af fundinum.

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Háskólafélags Suðurlands ehf.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Háskólafélags Suðurlands ehf. („félagið“) fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2024 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal alla verulega annmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Selfossi, 28. apríl 2025

KPMG ehf.

Lilja Dögg Karlsdóttir

Rekstrarreikningur árið 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrartekjur			
Framlag mennta- og menningarmálaráðuneytisins til rekstrar		35.506.000	39.993.000
Framlög til verkefna		28.292.092	42.905.043
Aðrar tekjur		38.433.182	39.377.050
		<u>102.231.274</u>	<u>122.275.093</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	9	57.599.438	51.931.785
Annar rekstrarkostnaður		49.144.468	47.641.858
Afskriftir	10	0	27.498
		<u>106.743.906</u>	<u>99.601.141</u>
(Rekstrartap) -hagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(	4.512.632)	22.673.952
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		5.026.434	4.872.107
Vaxtagjöld	(	113.177)	(13.364)
Gengismunur	(	1.332)	(14.405)
		<u>4.911.925</u>	<u>4.844.338</u>
Hagnaður fyrir tekjuskatt		399.293	27.518.290
Tekjuskattur		<u>3.163.675</u>	<u>(5.507.698)</u>
Hagnaður ársins	13	<u><u>3.562.968</u></u>	<u><u>22.010.592</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr.	2024	2023
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	10	368.178	368.178
Eignarhlutir í öðrum félögum	11	2.120.000	2.120.000
Fastafjármunir		<u>2.488.178</u>	<u>2.488.178</u>
Viðskiptakröfur		3.234.201	1.408.106
Aðrar skammtímakröfur		992.412	6.088.790
Óinnheimt framlög		12.067.841	0
Handbært fé		81.389.312	92.925.511
Veltufjármunir		<u>97.683.766</u>	<u>100.422.407</u>
Eignir samtals		<u>100.171.944</u>	<u>102.910.585</u>
Eigið fé			
Hlutfé	12	75.853.893	75.853.893
Lögbundinn varasjóður		750.190	750.190
Ójafnað eigið fé		(4.078.186)	(7.641.154)
Eigið fé	13	<u>72.525.897</u>	<u>68.962.929</u>
Skuldir			
Tekjuskattsskuldbinding	14	0	3.163.675
Lífeyrisskuldbinding	15	19.116.529	18.782.047
Skuldbindingar		<u>19.116.529</u>	<u>21.945.722</u>
Viðskiptaskuldir		1.909.284	3.015.936
Tekjuskattur til greiðslu	14	0	2.344.023
Fyrirframinnheimtar tekjur		0	115.656
Aðrar skammtímaskuldir		6.620.234	6.526.319
Skammtímaskuldir		<u>8.529.518</u>	<u>12.001.934</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals		<u>27.646.047</u>	<u>33.947.656</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>100.171.944</u>	<u>102.910.585</u>

	Skýr.	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins	13	3.562.968	22.010.592
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	10	0	27.498
Frestaður tekjuskattur, breyting	(	3.163.675)	3.163.675
Lífeyrisskuldbinding, hækkun	15	1.223.683	2.196.888
		<u>1.622.976</u>	<u>27.398.653</u>
		Veltufé frá rekstri	
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun	(	8.797.558)	5.636.376
Skammtímaskuldir, (lækkun)	(	3.472.416)	(2.783.209)
Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindingar	15	(889.201)	(796.743)
		<u>(13.159.175)</u>	<u>2.056.424</u>
		Breytingar rekstartengdra eigna og skulda	
		<u>(11.536.199)</u>	<u>29.455.077</u>
		Handbært fé (til) frá rekstri	
(Lækkun) hækkun á handbæru fé	(	11.536.199)	29.455.077
Handbært fé í ársbyrjun		<u>92.925.511</u>	<u>63.470.434</u>
Handbært fé í árslok		<u>81.389.312</u>	<u>92.925.511</u>

Skýringar

1. Félagið

Háskólafélag Suðurlands ehf. („Félagið“) er íslenskt einkahlutafélag og er lögheimili þess að Bankavegi á Selfossi.

Reikningsskilaaðferðir

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

3. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á skráðu gengi í lok ársins. Gjaldmiðlagengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

4. Innlausn tekna

Tekjur af vörusölu eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda, sem alla jafna er við afhendingu vara. Tekjur af þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörsdegi. Staða verks er metin með hliðsjón af vinnu sem lokið er. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að vörunni verði mögulega skilað.

5. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Innréttingar	4 ár
Skrifstofuáhöld og tæki	4 ár

6. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum eru skráðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu vegna virðisrýrnunar.

7. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapsáhættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

8. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

9. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2024	2023
Laun	44.046.295	40.357.866
Mótframlag í lífeyrissjóð	5.988.160	5.497.125
Önnur launatengd gjöld	5.777.842	5.052.676
Lífeyrisskuldbinding, hækkun	1.223.683	2.196.888
Áfallinn launakostnaður, breyting	563.458	(1.172.770)
Laun og launatengd gjöld samtals	57.599.438	51.931.785
Ársverk	4,2	3,6

Laun stjórnar og framkvæmdastjóra námu samtals 15,0 millj. kr. á árinu 2024 (2023: 13,4 millj. kr.).

Skýringar

10. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir félagsins greinast þannig:

	Innréttingar	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1.2023.....	1.099.920	2.581.859	3.681.779
Heildarverð 31.12.2023.....	1.099.920	2.581.859	3.681.779
Heildarverð 31.12.2024.....	1.099.920	2.581.859	3.681.779
Afskrifað samtals 1.1.2023.....	962.430	2.323.672	3.286.102
Afskriftir ársins	27.498	0	27.498
Afskrifað samtals 31.12.2023.....	989.928	2.323.672	3.313.600
Afskrifað samtals 31.12.2024.....	989.928	2.323.672	3.313.600
Bókfært verð 31.12.2023.....	109.992	258.186	368.178
Bókfært verð 31.12.2024.....	109.992	258.186	368.178
Afskriftahlutföll	25%	25%	

11. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum greinast þannig:

	2024		2023	
	Eignarhlutur	Bókfært verð	Eignarhlutur	Bókfært verð
Katla Jarðvangur ses	36%	1.000.000	36%	1.000.000
Kötlusetur ses	2%	1.000.000	2%	1.000.000
Þekkingasetrið Nýheimar ses	10%	120.000	10%	120.000
		2.120.000		2.120.000

12. Hlutfé

Heildarhlutfé samkvæmt samþykktum félagsins er 75,9 millj. kr. og fylgir eitt atkvæði hverjum einnar krónu hlut.

13. Yfirlit eiginfjárreikninga

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Ójafnað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2023.....	75.853.893	750.190	(29.651.746)	46.952.337
Hagnaður ársins	0	0	22.010.592	22.010.592
Eigið fé 31.12.2023.....	75.853.893	750.190	(7.641.154)	68.962.929
Hagnaður ársins	0	0	3.562.968	3.562.968
Eigið fé 31.12.2024.....	75.853.893	750.190	(4.078.186)	72.525.897

Skýringar

14. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:

	2024	2023
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	3.163.675	0
Reiknaður tekjuskattur færður í rekstrarreikning	(3.163.675)	5.507.698
Tekjuskattur til greiðslu	0	(2.344.023)
Tekjuskattsskuldbinding í árslok	0	3.163.675

Tekjuskattsskuldbinding skiptist þannig í árslok:

Rekstarfjármunir	0	(34.958)
Lífeyrisskuldbinding	0	(3.756.409)
Viðskiptakröfur	0	(9.387)
Frestaður gengismunur	0	(5.135)
Niðurfærsla skatteignar	0	6.969.564
Tekjuskattsskuldbinding í árslok	0	3.163.675

Árið 2024 voru gerðar breytingar á samþykktum félagsins þannig að félagið ber takmarkaða skattskyldu. Tekjuskattsskuldbinding félagsins í ársbyrjun er því færð út árið 2024.

15. Lífeyrisskuldbinding

Á félaginu hvílir lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanns hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Skuldbindingin hjá sjóðnum hvílir á Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, sem á endurkröfurétt á félagið. Lífeyrisskuldbindingin greinist þannig í árslok, en hún er reiknuð út af tryggingastærðfræðingi.

	2024	2023
Áfallin skuldbinding í ársbyrjun	18.782.047	17.381.902
Greitt á árinu	(889.201)	(796.743)
Hækkun á árinu	1.223.683	2.196.888
Áfallin skuldbinding í árslok	19.116.529	18.782.047

16. Önnur mál

Háskólafélag Suðurlands ehf. ráðstafar afkomu sinni til verkefna tengdum almannaeillum og menntamála. Í samræmi við 4. tölulið 4. gr. laga nr. 90/2003 og ber félagið því takmarkaða skattskyldu.

Félagið sér um rekstur á FabLab Selfoss en samningar um árlega fjármögnun eru við Héraðsnefnd Árnesinga, Fjölbrautaskóla Suðurlands og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið. Samningurinn við Héraðsnefndina gildir út mitt ár 2028, samingurinn við Fjölbrautaskólann gildir út árið 2029 og samingurinn við ráðuneytið gildir út árið 2026.

SASS og Háskólafélagið hafa gert samning sem felur í sér árleg framlög frá SASS að upphæð 7,5 millj. kr til að sinna hlutverki Byggðarþróunarfulltrúa neðri hluta Árnessýslu. Samningurinn gildir út árið 2027.

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið og Háskólafélagið hafa gert samning sem felur í sér árleg framlög frá ráðuneytinu að upphæð 44,0 millj. kr. Samningurinn gildir frá 2025 og út árið 2027.